

## AUGLÝSING

### um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum um meðferð kynferðisbrota nr. 739/1998.

#### „STARFSREGLUR

um breyting á starfsreglum um meðferð kynferðisbrota nr. 739/1998.

#### 1. gr.

Ákvæði 2. gr. starfsreglnanna orðist svo:

Kirkjuráð útnefnir fagráð um meðferð kynferðisbrotamála. Fagráð er skipað þremur einstaklingum og þremur til vara, er hafa sérþekkingu á kynferðisbrotum. Einn ráðsmanna skal vera lögfræðingur, annar skal vera guðfræðingur og sá þriðji skal vera læknir, sálfræðingur eða hjúkrunarfræðingur, eða hafa sambærilega menntun. Varamenn hvers ráðsmanns skulu uppfylla sömu skilyrði. Ráðsmenn skipa einn úr sínum hópi til þess að vera formaður fagráðsins.

#### 2. gr.

Við 1. lið 3. gr. bætast orðin: og ráðgjöf.

#### 3. gr.

Í stað „Kirkjuráð“ í 1. mgr. 4. gr. komi: Biskup.

#### 4. gr.

Ákvæði 2. mgr. 5. gr. orðist svo:

Æskilegt er, að talsmaður gegni ekki öðrum störfum innan kirkjunnar.

#### 5. gr.

Í stað orðanna „sbr. 12. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992“ í lokaml. 1. mgr. 6. gr. komi: sbr. 16. og 17. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

#### 6. gr.

1. mgr. 7. gr. orðist svo:

Mæli lög ekki á annan veg er talsmanni, fagráðsmönnum og öðrum starfsmönnum þjóðkirkjunnar skylt að gæta þagmælsku um einstök mál sem kunna að verða rekin á grundvelli starfsreglna þessara.

#### 7. gr.

8. gr. orðist svo: Kirkjuleg yfirvöld skulu sjá til þess að sálgæsla verði veitt meintum geranda, fjölskyldu hans og þeim, sem í kirkjulegu starfi hafa verið í mikilvægu samstarfi við hann. Æskilegt er að sálgæsla þessi sé veitt af prest í heimahéraði, innan sóknar eða prófastsdæmis.

#### 8. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfs hætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. nóvember 2002. 2. ml. 10. gr. reglnanna fellur brott frá sama tíma.

*Gjört í Reykjavík, 30. október 2002.*

Jón Helgason  
forseti kirkjubings.

Guðmunda Kristjánsdóttir  
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

*Reykjavík, 30. október 2002.*

F. h. kirkjuráðs,

**Karl Sigurbjörnsson** biskup Íslands.